

Ed.

54. Frumvarp

til laga um skyldu útgerðarmanna til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Útgerðarmaður gufuskipts skal skyldur að tryggja fatnað og muni hvers lögskráðs skipverja, ef skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða það ferst, fyrir eigi lægri fjárhæð en 800 kr.

Sömu skyldu hefir útgerðarmaður mótorskipts og mótorbáts, nema mótorbátur sje minni en 20 smálestir, en þá skal trygging á munum og fatnaði hvers lögskráðs skipverja eigi nema lægri fjárhæð en 400 kr.

2. gr.

Iðgjald fyrir tryggingu greiðir útgerðarmaður, og má hann eigi draga það af kaupi eða hlut skipverja.

Ríkissjóður greiðir hálf tðgjald fyrir tryggingu á fatnaði og munum skipverja á mótorbátum, sem eru 20 smálestir og minni.

3. gr.

Ef skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða skip ferst og fatnaður og munir skipverja farast eða brenna, þá skal greiða skipverjum tryggingarfjárbæðina að fullu.

Bjargist fatnaður og munir að nokkru, skal greiða skipverjum af tryggingarfje eftir mati dómkvaddra manna skemdir eða tap á fatnaði eða munum.

Við tryggingarfje þeirra, er farast, taka erfingjar.

4. gr.

Vanræki útgerðarmaður að tryggja muni og fatnað skipverja samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður skyldur til að greiða tryggingarfje eftir 3. gr. Sjóveð i skipi, eða vátryggingarfje skips, sje trygging fyrir skaðabóta-greiðslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en var þá vísað til landsstjórnarinnar. Stjórnin mun ekki flytja málið, og er það því borið fram. Ástæður fyrir frv. er að finna í þskj. 126 (A. 1926). Þar er einnig prentað brjef frá stjórn Sjómannafjelags Reykjavíkur, og er það endurprentað hjer sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

»Reykjavík, 6. mars 1926.

Herra alþingismaður Jón Baldvinsson.

Á fundi Sjómannafjelags Reykjavíkur 25. f. m. var samþykkt af öllum viðstöddum fundarmönnum eftirfarandi ályktun:

»Fundurinn samþykkir að skora á Alþingi, að trygt verði með lögum, að íslenskir sjómenn fái greitt andvirði fatnaðs síns og muna, sem þeir kunna að missa við strand, eldsvoða eða önnur atvik, sem valda því, að menn missa fatnað sinn og muni, þó þeir sjálfir haldi lífi.

Fundurinn felur þingmanni flokksins að bera fram frumvarp til laga á þessu þingi um þetta efni.

Tilfni þessarar ályktunar er í stuttu máli þetta:

Þegar að skip stranda, sökkva af árekstri, eldur kemur upp í skipi eða skip ferst, og skipverjar í flestum tilfellum bjarga lífi sínu, þá missa þeir þó ávalt mikið verðmæti, sem er fatnaður þeirra og aðrir nauðsynlegir munir, er þeir hafa með sjer á sjóinn. Enda þótt ekki væri annað en fatnaðurinn einn um að ræða, er það ærið nóg tap fyrir fátæka menn að verða fyrir.

Á öllum stærri skipum hafa menn fatnað meðferðis, er nemur frá 500—800 króna virði, og auk þess ýmsa nauðsynjamuni sjer til gagns og skemtunar. Það verður því mjög tilfinnanlegt tap fyrir fátæka menn að missa þetta verðmæti, þó þeir sjálfir haldi lífi.

Síðasta dæmið: Ása strandar í desember s. l., skipverjar bjargast nauðulega, án þess að geta bjargað nokkru af fatnaði sínum. Engum ber lagaleg skylda til að greiða þeim þetta tjón. Til ríkisstjórnarinnar hefir verið leitað og hún neitað, og útgerðarmaður skipsins hefir ekki látið neitt af mörkum. Í öllum tilfellum þessum likum hafa skipverjar fyrr og síðar orðið að bera skaða sinn, þó skip og farnur sje vátrygt af hálfu þeirra, sem eiga.

Í nágrannalöndum vorum hafa útgerðarmenn skipa fallist á að tryggja fatnað og muni skipverja þeim að kostnaðarlausu.

Hjer hjá okkur teljum við öruggustu leiðina, svo að öllum farmönnum og fiskimönnum á landinu komi að gagni, að fá ákveðið með lögum þessa tryggingarskyldu á hendur útgerðarmönnum.

Við viljum því hjer með, fyrir hönd Sjómannafjelags Reykjavíkur og sjómannastjettarinnar i heild, fela yður að bera fram frumvarp á Alþingi um þetta efni.

Reykjavík, 6. mars 1926.

F. h. stjórnar Sjómannafjelags Reykjavíkur.

Slgurjón A. Ólafsson, formaður«.